

Verða kröfur sækjanda því teknar til greina, enda fullnægi hann að öllu leyti uppboðsskilmálum þeim, er við uppboðið giltu. Eftir þessum úrslitum verður málskostnaðarkrafa verjenda ekki tekin til greina.

**Því úrskurðast:**

Viðurkenndur er réttur Gests Gíslasonar til að ganga inn í hæsta boð, kr. 1.120.000.00, í jörðina Trostansfjörð í Suður-fjarðarhreppi á uppboði, er fram fór á eigninni sjálfri hinn 23. október 1969, enda fullnægi hann að öllu leyti uppboðsskilmálum þeim, er við uppboðið giltu.

Priðjudaginn 16. júní 1970.

**Nr. 91/1970. Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Gretti Jósepssyni**

**Skafth Jóhannssyni**

**Árna Guðmundssyni**

**Árna Lárusi Víglundssyni og**

**Þórólfi Meyvantssyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Þjófnaður. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í málinu.

Atvikum máls þessa er skilmerkilega lýst í héraðsdómi og brot ákærðu heimfærð þar til réttra refsíakvæða.

Refsing ákærða Grettis Jósepssonar þykir hæfilega ákveðin

fangelsi 2 mánuði og refsing hinna ákærðu, Skafta Jóhannssonar, Árna Guðmundssonar, Árna Lárusar Viglundssonar og Þórólfs Meyvantssonar, hvers um sig fangelsi 3 mánuði, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsinga ákærðu skuli fresta og þær niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Hinn 9. júní 1970 komu fyrir sakadóm Hafnarfjarðar Haraldur Gíslason, skipstjóri á m/b Tindastól, og tveir skipverjar bátsins, Gísli, sonur Haralds, og Vilmundur Guðmundsson, Hringbraut 63 í Hafnarfirði. Bera þeir allir, að þeir hafi orðið af einni veiðiferð, eins og nánar er rakið í héraðsdómi, en Haraldur getur þess, að nokkurn tíma hafi tekið að koma hlerunum fyrir í bátnum, auk þess sem 21. maí 1967 hafi verið sunnudagur, „fridagur“, og því erfiðara um vik með tilfæringar.

Að þessu athuguðu þykir mega taka til greina kröfu Haralds Gíslasonar um bætur fyrir aflatjón með kr. 13.429.24 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. maí 1967 til greiðsludags og dæma ákærðu aðra en ákærða Gretti til greiðslu þessarar fjárhæðar auk vaxta. Að öðru leyti er bótakröfum í máli þessu vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Innheimtulaun verða ekki dæmd af fé þessu, þar sem krafa er höfð uppi í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Dæma ber ákærðu óskipt til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði Grettir Jóseppson sæti fangelsi 2 mánuði og ákærðu Skafti Jóhannsson, Árni Guðmundsson, Árni Lárus Viglundsson og Þórólfur Meyvantsson fangelsi 3 mánuði hver, en fullnustu refsinga skal fresta, og

falla þær niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Skafti Jóhannsson, Árni Guðmundsson, Árni Lárus Víglundsson og Þórólfur Meyvantsson greiði óskipt Haraldi Gíslasyni kr. 13.429.24 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. maí 1967 til greiðsludags. Að öðru leyti er skaðabóta-kröfum í máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar skal vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 5. desember 1969.**

Árið 1969, föstudaginn 5. desember, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var af Guðmundi L. Jóhannessyni í skrifstofu embættisins, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 790-794/1967: Ákærvaldið gegn Gretti Jósepssyni, Skafta Jóhannssyni, Árna Guðmundssyni, Árna Lárusi Víglundssyni og Þórólfi Meyvantssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Gretti Jósepssyni skipstjóra, Álfaskeiði 29 í Hafnarfirði, Skafta Jóhannssyni sjómanni, Arnarhrauni 4 í Hafnarfirði, Árna Guðmundssyni stýrimanni, Fellsmúla 2 í Reykjavík, Árna Lárusi Víglundssyni sjómanni, Meistaravöllum 31 í Reykjavík, og Þórólfi Meyvantssyni, Dunhaga 23 í Reykjavík, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í maí 1967:

- I. Gegn hinum ákærðu Skafta Jóhannssyni, Árna Guðmundssyni, Árna Lárusi Víglundssyni og Þórólfi Meyvantssyni er málið höfðað fyrir að stela í fyrri hluta maí 1967 tveimur trollhlerum og nokkru af gúmmíbobbingum á vírteini, þar

sem þeir voru geymdir úti við skúr á Flatahrauni í Hafnarfirði.

- II. Gegn öllum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að stela 16. maí 1967 tveimur trollhlerum og 15 gúmmibobbingum, þar af 12 á vírteini, þar sem þeir voru geymdir úti við hús Faxafisks h/f við Óseyrarbraut í Hafnarfirði.

Teljast þessir verknaðir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabótageiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Allir hinir ákærðu eru sakhæfir.

Ákærði Grettir Jóseppson er fæddur 29. október 1923 á Ísafirði og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði Skafti Jóhannsson er fæddur 22. júlí 1931 á Akureyri og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1947 5/11 á Akureyri: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-  
færi.  
1963 5/11 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir of langar stöður  
bifreiðar.  
1965 28/9 í Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 1. mgr. 48. gr.  
umferðarlaga.  
1967 18/4 í Hafnarfirði: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 261. gr.  
og 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

Ákærði Árni Guðmundsson er fæddur 9. febrúar 1924 í Reykjavík og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1946 23/10 í Reykjavík: Sátt, 40 kr. sekt fyrir ógætilegan bif-  
reiðarakstur.  
1967 5/5 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 37. og  
49. gr. umferðarlaga.

Ákærði Árni Lárus er fæddur 28. desember 1938 í Reykjavík og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1955 8/8 á Siglufirði: Áminning fyrir brot á 2. gr. lögreglu-  
samþykktar Siglufjarðar.  
1956 19/1 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun á veitingastað.  
1956 6/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 20. gr.  
áfengislaga.  
1959 10/3 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 244. gr.,  
sbr. 256. gr. hegningarlaga.  
1959 20/11 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir ölvun, helgi-  
spjöll og spellvirki.  
1962 9/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bif-  
reiðar.

- 1966 16/3 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt og skaðabætur, kr. 512.00, fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага og 1., 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 16/3 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 38. gr. laga nr. 68/1956 og lögum nr. 58/1954 og 15. gr. laga nr. 58/1931. Upptaka á 10 flöskum af áfengi og 29 lengjum vindlinga.
- 1967 31/3 í Reykjavík: Dómur: 125.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. tollлага og 3., sbr. 33. gr. áfengisлага. Upptækar 294 flöskur áfengis og tóbak.

Ákærði Þórólfur er fæddur 23. ágúst 1923 í Reykjavík og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1942 24/10 í Reykjavík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 10 daga varðhald og 3ja mánaða ökuleyfissvipting fyrir að aka bifreið og vera undir áhrifum áfengis. (15/12 1942 breytt með náðun í 500 kr. sekt).
- 1942 21/12 í Reykjavík, Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1943 30/5 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1943 25/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1944 16/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1945 29/11 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir á almanna-færi.
- 1946 19/3 í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
- 1950 16/1 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 16/11 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir sælgætissmygl.
- 1961 16/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar.
- 1964 9/4 í Reykjavík: Sátt, 77.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og tolllögum.
- 1967 13/4 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 45. gr. umferðarlaga.

Verjandi hinna ákærðu gerir þær dómkröfur, að ákærðu verði dæmdir í þá vægustu refsingu, sem lög frekast heimila, og framkomnum skaðabótakröfum verði vísað frá dómi vegna vanreifunar, en til vara krefst hann þess, að þær verði ekki teknar til

greina nema að litlu leyti. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmd málsvarnarlaun.

Málavextir eru þessir:

### I.

Árið 1967 og síðar rak Haraldur Gíslason skipstjóri, Mosabarði 4, Hafnarfirði, útgerð í Hafnarfirði. Um mánaðamótin janúar—febrúar þetta ár kemur hann fyrir til geymslu úti við skúr, sem hann hafði á Flatarhrauni, Hafnarfirði, rétt hjá vigt Jóns Gíslasonar s/f, trollhlerum og nokkrum gúmmíbobbingum á virteini ásamt öðrum útgerðarvörum. Þriðjudagsmorguninn 9. maí sama ár tók Haraldur eftir því, að tveir trollhlerarnir og gúmmíbobbingarnir voru horfnir, og taldi hann, að þeim hefði verið stolið á tímabilinu frá 7. til 9. maí. Haraldur kvað þetta hafa verið nýlega, tveggja ára gamla trollhlera, svo kallaða Ingimarshlera, en bobbingarnir hafi verið notaðir og væru hlutir þessir 20 þús. króna virði. Kvaðst Haraldur þekkja hlerana á því, að vargkjafturinn á forhleranum væri úr þykkara efni en á þeim aftari og einnig minni um sig, en bobbingana þekkti hann á því, að bobbingarnir eru víða gengnir inn í gúmmíúð. Haraldur tilkynnti hvarfið á munum þessum sama dag til lögreglunnar í Hafnarfirði og hóf jafnframt sjálfur leit að þeim.

Þann 16. maí s. á. er lögreglunni svo tilkynnt um þjófnað á sams konar útgerðarvörum frá Faxafiski h/f, sbr. lið II hér á eftir. 17. maí fór lögreglumaður til Sandgerðis og Grindavíkur til að leita að greindum munum í bátum, sem verið var að búa á fisk- og humartroll, og einnig var leitað upplýsinga hjá mönnum á þessum slóðum, sem kunnugir voru flestu, sem varðar útgerð, en án árangurs. Eftir mikla eftirgrennsian og leit af hálfu eigenda áðurnefndra útgerðarvara fann annar þeirra þær í m/b Hilmi II, KE 8, þar sem hann lá í Reykjavíkurhöfn. Lék grunur á, að skipverjarnir á bát þessum og hluthafar í Hafnininum h/f, útgerðarfélagi bátsins, hefðu stolið vörunum.

Voru þeir þegar yfirheyrðir af lögreglu, og neituðu þeir í fyrstu að hafa tekið vörurnar og héldu fram, að maður, sem þeir nefndu Hafstein Gíslason, hefði boðið þeim þær til kaups og selt, en breyttu síðan framburði sínum og viðurkenndu að hafa tekið vörurnar í heimildarleysi. Kom í ljós, að allir hinir ákærðu nema Grettir höfðu verið saman um að taka trollhlerana og gúmmíbobbingana frá Haraldi Gíslasyni.

Hjá lögreglunni og hér fyrir dómi hefur ákærði Skafti Jó-

hannsson lýst málsatvikum svo, að hann vissi ekki, hver hinna ákærðu hafi átt uppástunguna um að taka munina, en þá hafi vantað þá og hvergi getað fengið. Kvaðst ákærði Skafti hafa fengið lánaða sendiferðabifreið hjá Magnúsi Hannessyni framkvæmdastjóra, Hafnarfirði, sem þó hafi verið ókunnugt um, til hvers hún skyldi notuð. Ákærði Skafti kvaðst hafa notað bifreiðina, er hann ásamt öllum hinum ákærðu nema Gretti tók hlera og bobbinga, sem lágu við skúr uppi hjá Flatarhrauni í Hafnarfirði skammt frá nýja Iðnskólahúsinu þar. Hafi þeir sett hlerana og bobbingana í bifreiðina og hann svo ekið þeim inn í Blesugróf í Reykjavík.

Ákærðu Árni Guðmundsson, Árni Lárus Víglundsson og Þórólfrur Meyvantsson hafa hér fyrir dómi verið yfirheyrðir um málsatvik, og er framburður þeirra mjög á sama veg og hjá ákærða Skafta.

Allir munu þeir hafa komið ásamt Skafta að kvöldlagi nokkru fyrir 9. maí 1967 að nefndum skúr og komið sér saman um að taka þar tvo trollhlera og nokkra bobbinga, sem þar voru geymdir. Var þeim ljóst, að þeim var taka þessara útgerðarvara óheimil, þar eð einhver hlyti að vera eigandi að þeim, en þeir hafi álitid, að hætt væri að nota þessar vörur, þar eð þær hafi legið þarna lengi í hirðuleysi, en þær hafi þeir ætlað að nota við veiðar á m/b Hilmi, KE 8. Geymdu þeir vörurnar fyrst inni í Blesugróf, en að kvöldi 19. maí 1967 fluttu þeir þær um borð í m/b Hilmi, KE 8.

Ljóst er af því, sem rakið hefur verið hér að framan, að allir hinir ákærðu að undanskildum ákærða Gretti tóku í heimildarleysi tvo trollhlera og nokkra bobbinga, sem voru til geymslu hjá skúr við Flatarhraun í Hafnarfirði, og ætluðu ákærðu að hagnýta þá síðar við veiðar á m/b Hilmi, KE 8. Verknað þennan frömdu þeir að kvöldi eða næturlagi í byrjun maí 1967 og hafa með honum gerzt brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Þriðjudaginn 16. maí 1967 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt, að stolið hefði verið trollhlerum og gúmmibobbingum frá Faxafiski h/f, Óseyrarbraut 3—5 í Hafnarfirði. Fóru lögreglumenn á staðinn, og upplýsti verkstjóri fyrirtækisins, Markús Jónsson, Þórólfsögðu 7, Hafnarfirði, að úti við norðurgafli fiskverkunarhúss Faxafisks hafi verið geymdir 15 gúmmibobbingar og hafi 12 þeirra verið á vírteini, sem notaðir eru á fiskitroll. Bobbingana kvað hann hafa verið svarta, úr gúmmí með rauf

í miðju. Í þvermál hafi þeir verið 9 tommur og þykkt þeirra verið um 8 tommur.

Þá kvað verkstjórinn hafa verið geymda norðan við Óseyrarbraut gegnt fiskverkunarhúsinu tvo trollhlera, svokallaða Ingi-marshlera, og hafi munir þessir legið þarna til geymslu í um það bil 2 mánuði. Verkstjórinn kvaðst hafa tekið eftir því þá um morguninn, að bobbingarnir og hlerarnir voru horfnir, og talið, að þeim hefði verið stolið þá um nóttina eða helgina á undan. Ekki grunaði hann neinn ákveðinn um þjófnaðinn.

Eins og rakið hefur verið hér að framan undir lið I, fór lögreglan ásamt Markúsi verkstjóra til Sandgerðis, Keflavíkur og Grindavíkur að leita að útgerðarvörum þessum, en ekki bar sú leit árangur. Að morgni laugardagsins 20. maí 1967, um kl. 1200, fór svo framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einn af eigendum þess, Erling R. E. Magnússon, um borð í m/b Hilmi, KE 8, þar sem hann lá í Reykjavíkurhöfn, og sá hann þar framangreinda trollhlera og bobbinga, sem hann kvaðst hafa þekkt, einkum hafi hann þekkt trollhlerana á höggföllum, sem á þeim voru. Áður hafði Erling aflað sér upplýsinga um þá, sem voru að gera út á togveiðar, og þá nýlega fengið vitneskju um, að verið væri að gera m/b Hilmi, KE 8, út á togveiðar og að fyrrverandi skipverjar á b/v Marz, RE, hefðu tekið hann á leigu. Kannaði Erling, hverjir þessir menn voru, og eftir það vaknaði hjá honum grunur um, að þeir væru valdir að þjófnaðinum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni vildu ákærðu Skafti og Grettir ekki í fyrstu kannast við að hafa tekið framangreindar útgerðarvörur, en viðurkenndu síðar hjá lögreglu og hér fyrir dómi að hafa tekið þær í heimildarleysi og ætlað að nota þær við útgerð m/b Hilmi, KE 8. Svo hafa og gert aðrir, sem ákærðir eru í máli þessu.

Í framburði ákærða Grettis segir svo um greint tilvik, að aðfaranótt 16. maí 1967 hafi hann ásamt öðrum ákærðu í máli þessu tekið tvo trollhlera og eina lengju af bobbingum.

Ekki kvað hann neinn sérstakan hafa átt uppástunguna að þessu, þeir hafi allir verið samtaka um það. Hafi fyrirtæki þeirra verið í fjárþröng. Hann kveðst ekki hafa vitað, hver átti muni þessa, en álitid, að hætt væri að nota þá. Hann kvað þá hafa tekið á leigu bláa sendiferðabifreið, sem þeir hafi notað við þjófnaðinn. Hann kvaðst hafa ætlað að nota veiðarfærin við veiðar á m/b Hilmi, KE 8.

Framburður annarra hinna ákærðu er mjög á sama veg. Kemur

þar í ljós, að ákærði Þórólfur Meyvantsson ók sendiferðabifreiðinni, sem þeir fluttu þýfið í, og að hann var eigandi hennar. Var henni ekið í Kópavog og geymd þar við bryggju, þar sem báturinn lá, þar til 19. maí, að vörurnar voru fluttar um borð í m/b Hilmi.

Öllum var hinum ákærðu ljóst, að þeim var taka varanna óheimil.

Með verknaði þessum hafa þeir gerzt brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Refsing ákærðu þykir samkvæmt framangreindri hegningarlaga grein hæfilega ákveðin þannig:

Ákærðu Skafti Jóhannsson, Árni Guðmundsson, Árni Lárus Víglundsson og Þórólfur Meyvantsson sæti hver um sig fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Grettir Jósefsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

Eftirtaldir tveir aðiljar hafa gert kröfur til skaðabóta.

#### a.

Hæstaréttarlögmaður Jón Finnsson f. h. Haralds Gíslasonar kr. 60.606.48 auk 7% ársvaxta frá 20. maí 1967 til greiðsludags og kr. 6.100.00 í innheimtuþóknun.

Krafan sundurliðast þannig:

1. Vegna leitar að og fyrirhafnar við að fá hina stolnu múli:	
Vinna, 42 tímar, kr. 200.00 pr. tíma, . . . . .	kr. 8.400.00
Akstur, 42 tímar, kr. 300.00 pr. tíma, . . . . .	— 12.600.00
Óþægindi, hugarangur og kostnaður við öflun	
nýrra hluta . . . . .	— 9.000.00
	<hr/>
	Samtals kr. 30.000.00

2. Aflatjón. Misst af veiðiferð, 19.—23. maí 1967.

Hlutur bátsins Tindastóls, miðað við meðalaflla

4ra báta í veiðiferð í 4 daga á tímabilinu frá 19. eða

20. til 23. eða 24. maí, 48.2% . . . . . — 24.424.38

Aflahlutur skipstjóra, Haralds, 12.2% . . . . . — 6.182.10

#### b.

Faxafiskur h/f, Hafnarfirði . . . . . kr. 34.000.00

Krafan sundurliðast þannig:

Leit að veiðarfærum . . . . . kr. 8.400.00

Ökutæki . . . . .	— 12.600.00
Óþægindi ýmiss konar og fyrirhöfn, vörubíll o. fl. . . . .	— 13.000.00

---

Samtals kr. 34.000.00

Ljóst er, að ákærðu ber að greiða allt það fjártjón, sem telja verður sennilega afleiðingu hins ólögmaeta verknaðar þeirra.

Um a.

1. Vinna. Því er ómótmælt í máli þessu, að Haraldur lagði fram töluverða vinnu í leit að hinum þjófstolnu útgerðarvörum og mun m. a. hafa gert sér ferð til Eyrarbakka, Stokkseyrar, Keflavíkur, Sandgerðis og víðar í leit að þeim. Þá mun hann og hafa orðið að leggja á sig aukna vinnu við að afla nýrra veiðarfæra. Má fallast á, að alls hafi farið til þess 42 klukkustundir. Haraldur gerir kröfu til að fá greiddar kr. 200.00 fyrir hverja unna stund.

Samkvæmt kjarasamningum skipstjórnarmanna skal skipstjóri hafa sömu laun og sveinar í vélsmiðjum eftir 8 ára starf þar, er hann vinnur í þágu skipsins milli veiðitímabila.

Verður þetta lagt hér til grundvallar við mat á kaupkröfu Haralds.

Í maí 1967 var tímakaup sveina í vélsmiðju þannig:

Frádráttarkaup . . . . .	kr. 62.24
Eftirvinnukaup . . . . .	— 93.35
Næturvinnukaup . . . . .	— 116.69

Haraldur mun hafa unnið að leitinni á öllum tímum sólarhrings, og verður því kaup hans miðað við eftirvinnukaup sveina. Samkvæmt því verður þessi kröfufliður lækkaður í (42 tímar  $\times$  93.35 kr.) kr. 3.920.70.

Akstur. Ekki hafa verið lagðir fram í málinu reikningar frá leigubifreiðarstjóra né bílaleigu um greindan akstur, og mun krafan því gerð fyrir akstur í eigin bifreið. Af framangreindu sést, að Haraldur mun hafa farið akandi í ýmsar verstöðvar á Suðurnesjum, til Eyrarbakka, Stokkseyrar og víðar og einnig til og um Reykjavík auk aksturs um Hafnarfjörð. Má telja sanngjarnt að ætla akstur Haralds 500—600 km og gjald fyrir hvern ekinn km sé kr. 6.00 og kröfufliður þessi verði lækkaður niður í kr. 3.300.00.

Krafa um greiðslu fyrir óþægindi og hugarangur ekki tekin til greina.

2. Aflatjón. Þegar virtur er framburður ákærðu Skafta og Grettis um, að þeir hafi tekið veiðarfærin vegna þess, að þeir hafi hvergi getað fengið þau keypt og féleysi hafi háð útgerðarfyrrtæki þeirra, verður og að fallast á, að fjárþröng og erfiðleikar við að afla nýrra veiðarfæra hafi valdið því, að Haraldur gat ekki gert bát sinn út á veiðar 19. maí 1967. Hins vegar fær Haraldur veiðarfæri sín aftur 20. maí s. á. og átti því að geta farið í róður með m/b Tindastól 21. maí 1967. Fallið hefði þá úr 2ja daga róður.

Lagðar hafa verið fram 4 innleggsnótur og vottorð útgerðarmanna um afla bátanna Guðbjargar, GK 6, Hafbjargar, GK 7, Mjölris, GK 323, og Sæljónsins, GK 103, í 4 daga veiðiferð á tímabilinu frá 19. til 23. og 20. til 24. maí 1967. Miðað við þessa fjóra báta er meðalafli í veiðiferðinni að verðmæti kr. 50.673.08. Meðalflaverðmæti í 2ja daga veiðiferð yrði þá kr. 25.336.54.

Aflahlutur til báts Haralds, Tindastóls, hefði orðið 48.2% af heildaraflaverðmæti, eða alls kr. 12.212.21. Frá dregst olíukostnaður, sem sparast við, að veiðiferðin var ekki farin, áætlað 1.000 lítrar hráolía, per 1/67 ltr., og 5 lítrar smurólía, per 14/45 ltr. Hinn frádregni olíukostnaður alls kr. 1.742.25.

Bátshlutur að frádregnum kostnaði verður þá kr. 10.469.96. Aflahlutur skipstjóra hefði orðið 12.2% af heildarverðmæti, eða alls . . . . . kr. 3.091.06  
Frá dregst fæðiskostnaður í 2 daga . . . . . — 131.78

---

Samtals kr. 2.959.28

Alls verður því fjártjón Haralds vegna aflamissis metið kr. 13.429.24.

Ber því að dæma alla hina ákærðu nema Gretti Jóseppson til að greiða Haraldi Gíslasyni kr. 20.649.94 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. maí 1967.

Lögmaður Haralds, hæstaréttarlögmaður Jón Finnsson, gerir kröfu til kr. 6.100.00 eða lægri upphæðar að mati réttarins sem innheimtupóknun.

Þá er aðilja máls er gefinn kostur á að gera skaðabótakröfu í refsímáli samkvæmt heimild í 145. gr. laga nr. 82/1961, er miðað við tiltölulega einfalda kröfugerð, sem ekki tefji framgang refsímáls og aðili geti gert sjálfur með því að hljóta leiðbein-

ingar þar um hjá dómara, og mun venja ekki til að dæma lögmanni aðilja þóknun í slíkum málum. Ekki verður talið óeðlilegt, að aðili leiti sér lögfræðiaðstoðar við kröfugerð sams konar þeirri, sem Haraldur hefur gert í máli þessu, og að á ákærðu falli hinn aukni kostnaður, sem af þessu leiðir fyrir hann. Þykir því í máli þessu mega fallast á, að allir ákærðu nema Grettir greiði til hæstaréttarlögmanns Jóns Finnssonar þóknun fyrir veitta lögfræðiaðstoð, sem þykir hæfilega metin kr. 3.000.00.

b.

Krafa þessi þykir það óljós og illa skýrð þrátt fyrir tilmæli dómarans til umboðsmanns kröfuhafa um nánari skýringar, sem ekki hefur verið sinnt, að vísa verður henni frá dómi.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, héraðsdómslögmanns Brands Brynjólfssonar, sem ákveðin eru kr. 8.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Grettir Jóepsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærðu Skafti Jóhannsson, Árni Guðmundsson, Árni Lárus Víglundsson og Þórólfur Meyvantsson sæti hver um sig fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu Skafti Jóhannsson, Árni Guðmundsson, Árni Lárus Víglundsson og Þórólfur Meyvantsson greiði in solidum til hæstaréttarlögmanns Jóns Finnssonar f. h. Haralds Gíslasonar kr. 20.649.94 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. maí 1967 og kr. 3.000.00 í þóknun fyrir lögfræðiaðstoð.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, héraðsdómslögmanns Brands Brynjólfssonar, kr. 8.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.